

Skipulagsstofnun
b/t Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2019
UST201910-275/S.A.J.
08.12.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Matsskyldufyrirspurn - 80 tonna framleiðslu-
aukning laxaseiða í Fiskalóni, Ölfusi**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Framkvæmdin er 80 tonna framleiðsluaukning í seiðastöð Laxar fiskeldi ehf. (hér eftir rekstraraðili) á Fiskalóni í Ölfusi en í dag hefur stöðin heimild til framleiðslu á allt að 20 tonnum af seiðum.

Verndarsvæði

Fram kemur í greinargerðinni að á framkvæmdasvæðinu eru tvö svæði á náttúruminjaskrá, annars vegar Varmár- og Ölfusforir (nr. 751) og fjörumörk vestan Þurárhjúks (nr. 778) en fram kemur í greinargerðinni að talið er að hvorki uppbygging né rekstur stöðvarinnar muni hafa áhrif á þessi svæði enda sé starfsemin bundin við lóð utan verndarsvæða. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt afmörkun fjörumarka vestan Þurárhjúks í náttúruminjaskrá er framkvæmdasvæðið innan þess svæðis. Einnig getur Umhverfisstofnun ekki fallist á þá fullyrðingu að rekstur fiskeldisstöðvarinnar muni ekki hafa áhrif á Varmár- og Ölfusforir þar sem frárennsli frá stöðinni mun renna inn á svæðið.

Viðtaki

Í greinargerðinni kemur fram að frárennsli stöðvarinnar verði veitt í framræsluskurð og muni enda í ós Ölfusár. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt greinargerðinni fer frárennsli frá stöðinni í Þurá, vatnshlotanúmer 103-966-R.

Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná

fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2022 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fram kemur í greinargerðinni að miðað við fullkomna virkni fyrirhugaðs hreinsibúnaðar muni efnalosun frá stöðinni tvö- til tæplega þrefaldast miðað við núverandi starfsemi. Við fullkomna virkni búnaðarins mun 90% fastefnis hreinsast úr frárennslinu og mun því aukningin að mestu vera vegna uppleystra efna. Í eftirlitsskýrslu frá síðasta eftirliti Umhverfisstofnunar í stöðina frá 31. október 2018 kemur fram að mikið er af sjáanlegum fódurleyfum, gruggi og brák í frárennsli stöðvarinnar.


Samlegðaráhrif

Segir í greinargerðinni að hættan af samlegðaráhrifum með þeim þremur öðrum fiskeldisstöðvum er starfræktar eru í Ölfusinu og losa í sama viðtaka. Umhverfisstofnun bendir á að ef stækkunaráform rekstraráðila í Ölfusi gangi eftir verður heildarframleiðsla þeirra stöðva er losa frárennsli í viðtakan 430 tonn.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur því eftir að hafa farið yfir og metið ofangreinda tilkynningarskýrslur að umrædd framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur